

Nd.

577. Frumvarp til laga

[132. mál]

um breyting á lögum nr. 49 5. apríl 1948, um breyting á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Aftan við 2. mgr. 2. gr. laganna komi ný málsgrein svo hljóðandi:
Þrátt fyrir framangreind ákvæði þurfa þeir, sem leyst hafa af hendi fyrir 31. des. 1950, próf, sem heimilar þeim að stýra leigubifreiðum til mannflutninga, og uppfylla skilyrði laganna um aldur og óflekkað mannorð, ekki að ganga undir öku-kennslupróf, enda hafi þeir fengið löggildingu dómsmálaráðherra til ökukennslu fyrir 1. apríl 1951. Löggilding samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar skal vera ókeypis, en fyrir framlengingu hennar skal greiða sama gjald og ákveðið verður fyrir framlengingu réttinda þeirra manna, sem ganga undir ökukennarapróf.

2. gr.

Aftan við 3. gr. laganna komi svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir, sem samkvæmt ákvæðum laga þessara eiga rétt á löggildingu til ökukennslu án greiðslu og hafa greitt fyrir löggildingu samkvæmt lögum nr. 49 5. apríl 1948 og reglugerð nr. 178 13. des. 1948, skulu fá leyfisgjaldið endurgreitt, ef þeir krefjast þess fyrir 1. júlí 1951.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.